



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Nefndasvið Alþingis
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík 19. júní 2016

1608002HA VRH
Málalykill: 30.22

Efni: Umsögn varðandi frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða.

Á fundi stjórnar Hafnasambands Íslands sem haldinn var, 23. maí sl., var farið yfir drög að frumvarpi til laga um skipulag haf- og strandsvæða. Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða:

Stjórn Hafnasambands Íslands tekur undir markmið frumvarpsins sem kemur fram í 1. grein þess. Hafnasambandið telur nauðsynlegt að skerpa á skipulagsþáttum við strendur Íslands og á hafsvæðum innan efnahagslögsögunnar. Þau atriði sem varða hafnir sérstaklega eru m.a. eftirfarandi atriði:

- a. *Megin siglingaleiðir að og frá höfnum.*
- b. *Skilgreining hafnarsvæða á sjó.*
- c. *Reglur um dýpkun, varp á dýpkunarefni í hafið og efnisvinnsla á hafsbotni.*
- d. *Heimildir til staðsetningar fiskeldis, kræklingaeldis og annarrar staðbundinnar starfsemi á sjó.*
- e. *Gildistíma starfsleyfa og ákvæði um tryggingar til að fjarlægja kvíar eða búnað til eldis í sjó.*

Ábendingar um það sem þarfnast að mati Hafnasambands Íslands betri skýringa á er m.a. eftirfarandi:

- a. *Gert er ráð fyrir að svonefnt svæðisráð, skipað 7 fulltrúum, annist gerð strandsvæðaskipulag á tilteknu svæði. Í 15. grein frumvarpsins er nánar skilgreint hverjir sitji í ráðinu og að fulltrúa ráðuneyta hafi þar neitunarvald. Þrátt fyrir ákvæði 11. greinar frumvarpsins verður ekki séð að nauðsynlegir hagsmunir sveitarfélaga né hafna séu tryggðir með þessu fyrirkomulagi. Mikilvægt er að undirbúningur skipulags strandsvæða sé í nánu samstarfi við þau sveitarfélög og hafnir sem málið varðar og helst á ábyrgð þeirra eins og gildir almennt í skipulagsmálum á Íslandi.*
- b. *Ýmis mál sem varða nýtingu strandsvæða og hafsvæða er nú vistað hjá mismunandi ráðuneytum og stofnunum. M.a. varðandi dýpkun í höfnum, varp dýpkunarefnis í hafið, efnisvinnslu á hafsbotni og skipulag landfyllinga. Mikilvægt er að ekki verði settar frekari skorður en nú eru við undirbúning og framkvæmd verkefna sem geta haft í för með sér verulega töf nauðsynlegra framkvæmda í höfnum.*



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

- c. Þá er bent á að í starfsemi hafna eru fjölmörg lagaákvæði og ákvæði reglugerða sem varða ýmis atriði varðandi umhverfismál, svo sem dýpkun, mengun, móttöku sorps, útblástur skipa í höfnum o.fl. Mikilvægt er að fjalla um hvernig þessi ákvæði falla að hugmyndum um skilmála strandsvæðaskipulags og hver réttarstaða hafna er ef gerðar verða strangari kröfur um einstök atriði í strandsvæðaskipulagi.
- d. Ekkert er í frumvarpinu kveðið á um umhverfisþætti sem lúta að útblæstri skipa, en Hafnasamband Íslands hefur bent á að skynsamlegt sé að lögfesta nú þegar Viðauka VI við svonefndan Marpol samning, sem myndi draga verulega úr losun brennisteins frá skipum sem brenna svartolíu. Eðlilegast væri að brennsla svartolíu væri bönnuð.

Hafnasamband Íslands telur þörf á vinnu og aðgerðum við skipulag strand- og hafsvæða, en telur einnig að ígrunda þurfi vel þá skilmála sem verða settir, einkum hvað varðar hagsmuni hafna.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt
HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Gísli Gíslason
formaður stjórnar Hafnasambands Íslands